



# CE

**CE-merki veitir þér  
aðgang að  
Evrópumarkaðinum!**



# Efnisyfirlit

Hvað er CE-merking?

Lagaskyldur framleiðenda

Lagaskyldur sem hvíla á innflutnings- og dreifingaraðilum

6 þrep til að fá CE-merki fyrir þína vöru

Tilkynntur aðili

Samræmdir staðlar – áreiðanleg leið til að tryggja samrýmanleika

Hvernig eru almannahagsmunir verndaðir?

Hverjir eiga að koma að máli og hvaða gagna er þörf?

3

4

5

6

8

9

10

11



## Hvað er CE-merking?

CE-merkið var kynnt til sögunnar í löggjöf Evrópusambandsins (ESB) og Evrópska efnahagssvæðisins (og þar með í löggjöf Íslands) til þess að vörur séu fluttar hindrunarlaust og frjálst milli landa og um leið tryggja að gætt sé hagsmuna almennings varðandi öryggi, líf, heilsu og umhverfi.

CE-merkið, sem hefur verið til í núverandi mynd síðan 1993, er mikilvægt tákni um að **vara samrýmist löggjöf ESB** og er lykill að frjálstu vöruflæði á innri markaðnum í Evrópu. Með því að festa CE-merki á vöru eða umbúðir hennar lýsir framleiðandinn því yfir, **alfarið á eigin ábyrgð**, að varan samræmist öllum lagaskilyrðum sem CE-merking útheimtir. Merkið tryggir þar með að vöruna má selja hvarvetna innan **Evrópska efnahagssvæðisins** (EES – hinna 27 aðildarríkja ESB og EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein). Þetta gildir einnig um vörur sem eru framleiddar í löndum sem eru utan EES-svæðisins) en seldar í löndum sem eru innan EES.

CE-merkið gefur ekki til kynna að vara hafi verið framleidd innan EES, heldur er það tákni um að **framleiðandi telji að varan sé í samræmi við kröfur í lögum, t.d. samevrópskar öryggiskröfur áður en hún er sett á markað** og seld. Merkið þýðir að framleiðandinn hafi gengið úr skugga um að varan samrýmist öllum **grunnkröfum** viðkomandi tilskipunar sem gildir um vöruna (t.d. öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisverndarkröfum) – eða í vissum tilvikum að hann hafi látið tilkynntan samræmismatsaðila meta vöruna þegar í lögum og tilskipunum er gerð krafa um að utanaðkomandi aðili komi að þessu mati. CE merkið þarf ekki að vera á öllum vörum. Merkið þarf aðeins að vera á þeim vörum þar sem í lögum og tilskipunum er gerð krafa um CE-merkingu. CE-merktar vörur geta bæði verið vörur sem eru til sérfræðinotkunar í atvinnurekstri, t.d. lækningatæki, lyftur, vélar og mælitæki og vörur sem neytendur kaupa, s.s. leikföng, einkatölvur, farsímar og ljósaperur.





## Lagaskyldur framleiðenda

Áfesting CE-merkisins fer fram áður en varan fer frá framleiðanda og er sett á markað og er merkið **staðfesting** þess að framleiðandinn hafi farið í gegnum samræmismatsferli og varan staðist kröfur eins og mælt er fyrir um í þeirri löggjöf sem á við um vöruna.

Framleiðandi er skilgreindur sem „einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir, lætur hanna eða fær vöruna framleidda fyrir sig og markaðssetur vöruna undir eigin nafni eða vörumerki“<sup>1</sup>. Einstaklingur eða fyrirtæki tekur framleiðandaábyrgð ef hann selur tilbúna vöru sem innan EES-markaðarins undir eigin nafni eða vöruheiti. Framleiðandi ber skylda til að hafa aðgengilegar allar upplýsingar um hönnun, framleiðslu og samræmismat fyrir vörur sem hann hyggst selja eins og tilgreint er í þeirri löggjöf sem um viðkomandi vöru eða vöruflokk gilda.

Framleiðandinn þarf að fara í gegnum hin ýmsu þrep sem gilda um framleiðslu vörunnar til að meta samræmi vörunnar og tryggja að hún sé í samræmi við ákvæði ESB-tilskipana sem gilda um framleiðsluna. Með því að setja CE-merkið á vöruna, umbúðir og fylgiskjöl, útbúa tæknigögnin

og gera EB-samræmisfirlýsinguna þá **lýsir framleiðandinn því yfir á eigin ábyrgð að varan samrýmist þeim lagakröfum sem við eiga og staðfestir að tilskilið mat á því hafi farið fram**. Upplýsingar fyrir **áhættumatið**, auk upplýsinga um mat á samræmi vörunnar við viðeigandi kröfur, eru settar fram í tæknigögnum.

Mikilvægt er að framleiðandi varðveiti gögn þ.á.m. tæknigögn og EB-samræmisfirlýsingu til að leggja fram til sönnunar þegar að stjórnvöld sem fara með eftirlit á hlutaðeigandi vöru óska eftir því í tengslum við skoðun eða meðferð máls sem varða öryggi vörunnar.

Hvort sem framleiðandi hefur lögheimili eða staðfestu innan EES eða annars staðar getur hann útnefnt viðurkenndan fulltrúa (sem þarf að hafa staðfestu innan EES) til að annast ákveðin lögbundin verkefni fyrir sína hönd. Meðal þeirra getur verið áfesting CE-merkisins. Aðeins framleiðandinn getur annast **tiltekna vöruprófanir til að tryggja samræmi við kröfur laga**. Kjósi framleiðandi að fela fulltrúa ákveðin verkefni þá verður hann að tilgreina skriflega skýrt og greinilega hvaða verkefni það eru.

<sup>1</sup> Reglugerð (EB) nr. 765/2008



## Lagaskyldur sem hvíla á innflytjanda vöru- og dreifingaraðila

Vörur sem fluttar eru inn frá ríkjum sem standa utan við EES-svæðið verða að uppfylla ákvæði tilskipana er kveða á um CE-merkingu.

Innflytjendur og dreifingaraðilar gegna mikilvægu hlutverki við markaðssetningu á vörum en þeir eiga að sjá til þess að einungis vörur sem settar eru á markað samrýmist löggjöf og beri CE-merki og að framleiðandi hafi uppfyllt sínar skyldur og merkt vöruna á réttan hátt. Þessi tilhögun styrkir heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisverndarkröfur á EES-svæðinu samhliða því stuðlar hún að sanngjarnri samkeppni þar sem allir aðilar á markaði lúta sömu leikreglum.

Þegar vörur eru framleiddar í ríkjum utan EES-svæðisins og framleiðandinn hefur ekki tilnefnt viðurkenndan fulltrúa innan EES **verða innflutningsaðilar að gæta þess að vörur sem þeir markaðssetja samrýmist viðeigandi kröfum** og séu án hættu fyrir neytendur innan EES-svæðisins. Innflytjandi þarf þá að ganga úr skugga um að framleiðandinn hafi gert tilskildar ráðstafanir og að gögnin séu tiltæk þegar þess er krafist.

Innflytjandi verður því að búa yfir almennri þekkingu á tilskipunum sem um vörurnar gilda og ber skylda til að veita allar upplýsingar til stjórnvalda í tengslum við meðferð máls eða skoðun á vöru. Góð regla fyrir innflytjendur er að eiga skriflega staðfestingu frá framleiðanda um að þeir fái aðgang að öllum tilskildum gögnum, svo sem EB-samræmisfirlýsingunni og tæknigögnunum, og þeir geti því lagt fram öll nauðsynleg gögn að kröfu stjórnvalda. Innflutningsaðilar ættu einnig að gæta þess að hann geti ávallt náð til framleiðanda vörunnar.

**Dreifingaraðilar gegna auk þess mikilvægu hlutverki við að tryggja að**



**aðeins vörur séu á markaði sem samrýmast kröfum. Þeir verða að gæta aðgæslu** við alla meðhöndlun á vörum og að hún leiði ekki til þess að varan uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur. Dreifingaraðilinn verður að hafa grunnþekkingu á lagakröfunum þ.e. hvaða vörur skal merkja með CE-merkinu og hvaða skjöl eiga að fylgja vörunni, einnig að þekkja vörur sem auðsjáanlega samrýmast ekki kröfum sem gerðar eru lögum samkvæmt.

Dreifingaraðili vinnur faglega og sýnir aðgæslu með því að ganga úr skugga um að framleiðandi eða innflytjandi ef það á við, hafi gert allar tilhlýðilegar ráðstafanir sem á honum hvíla. Dreifingaraðila ber einnig skylda til þess að veita stjórnvöldum alla aðstoð við öflun tilskilinna gagna.

Innflytjandi eða dreifingaraðili sem markaðssetur vörunar undir eigin nafni tekur þar með á sig ábyrgð framleiðanda. Sé málum þannig háttað þarf hann að búa yfir nægum upplýsingum um hönnun og framleiðslu vörunnar, því hann tekur lagalegu ábyrgðina á sínar herðar þegar hann festir CE-merkið á vöruna.

# 6 ÞREP TIL AÐ FÁ CE-MERKI FYRIR ÞÍNA VÖRU

## ÞREP 1 – Finndu tilskipanirnar og þá samræmdu staðla sem gilda um framleiðslu vörunnar


Það eru **yfir 20 tilskipanir** sem skilgreina þá vöruflokka sem krefjast CE-merkis. Grunnkröfur sem vörur verða að uppfylla, t.d. öryggiskröfur, eru samræmdar innan EES og settar fram í tilskipunum ESB. **Samræmdir evrópskir staðlar** eru gefnir út með vísan til viðeigandi tilskipana og birtir á Íslandi af Staðlaráði og skýra í smáatriðum hvernig skal útfæra grunnkröfurnar tæknilega.

## ÞREP 2 – Sannprófaðu vöruna – ákveðin skilyrði

Það er undir þér komið að tryggja að varan þín sé í samræmi við kröfur sem viðeigandi ESB-löggjöf kveður á um. Þegar varan **uppfyllir að öllu leyti** þá samræmdu staðla sem um hana gilda er gengið út frá því að varan „**sé í samræmi**“ við viðeigandi grunnkröfur. Notkun samræmdra staðla er ennþá valkvæð. Þú getur ákveðið að velja aðrar leiðir til að uppfylla þessar grunnkröfur.

## ÞREP 3 – Kynntu þér hvort gerð er krafa um samræmist af hálfu tilkynnts aðila

Allar tilskipanir sem taka til þinnar vöru tilgreina hvort að viðurkenndur þriðji aðili (**tilkynntur aðili**) verði að taka þátt í þeirri samræmistadsferð sem nauðsynleg er til að öðlast CE-merki. Þetta **skilyrði gildir ekki um allar vörur** og því er mikilvægt að athuga hvort þátttöku tilkynnts aðila sé í raun krafist. Þessir aðilar eru viðurkenndir af hálfu yfirvalda í hverju landi og „tilkynntir“ opinberlega til framkvæmdastjórnar ESB og skráðar í **NANDO** gagnagrunninn (e. New Approach Notified and Designated Organisations).



## ÞREP 6 – CE-merki á þína vöru og EB-samræmisfirlýsing

Framleiðandinn setur CE-merki á vöruna, eða viðurkenndur fulltrúi hans innan EES eða Tyrklands. Merkið verður að setja á vöruna eða þar sem við á í samræmi við reglur sem gilda varðandi stærð og lögun og verður merkið að vera **greinilegt, læsilegt og óafmáanlegt**. Ef tilkynntur aðili átti hlut að máli þegar framleiðslustýring fór fram, verður einnig að tilgreina auðkennisnúmer hans. Það er á ábyrgð framleiðandans að útbúa og undirrita „**EB-samræmisfirlýsingu**“ til sönnunar á því að varan uppfylli kröfurnar. **Nú er það komið! CE-merkta varan þín er tilbúin til markaðssetningar.**

## ÞREP 5 – Útbúa skal tækniskjölin og hafa þau tiltæk

Framleiðandinn þarf að útbúa öll **tækniskjöl** sem gerð er krafa um í tilskipunum að gera eigi til þess að unnt sé að meta samræmi vörunnar við grunnkröfur sem krafist er í tilskipunum og **leggja mat á áhættu**. Til viðbótar við samræmisfirlýsingu, þá verður hann að geta sýnt hlutaðeigandi yfirvöldum tækniskjölin sé þeirra óskað.

## ÞREP 4 – Prófaðu vöruna og kannaðu samræmi hennar

Það er á ábyrgð framleiðandans að prófa vöruna og kanna hvort hún **samræmist ESB-löggjöf** þ.e. að framkvæma samræmistat. Einn grundvallarþáttur í þessu ferli er **áhættumat**. Með því að beita viðeigandi samræmdum Evrópustöðlum getur þú uppfyllt lagalegar grunnkröfur sem tilskipanirnar kveða á um.





## Tilkynntur aðili

Það er algengur misskilningur varðandi CE-merktar vörur að stjórnvald hafi skoðað, metið og samþykkt CE-merktar vörur og lagt blessun sína yfir þær. Hið rétta er að margar vörur er framleiðanda heimilt að meta og samþykkja sjálfur hana til markaðssetningar.

Fyrir ákveðna vöruflokka sem geta haft mikil áhrif á öryggishagsmunialmenningu t.d. hættulegar vélar eða stóra þrýstiloka, er nauðsynlegt að „samræmismatsaðili“ skoði vöruna og staðfesti að varan uppfylli viðeigandi lagakröfur og hvort gefa meggi út EB-samræmisfirlýsinguna. **Í tilskipunum ESB eru skýr ákvæði um hvaða vörutegundir útheimta að samræmismatsaðili komi að samræmismatsferlinu.**

Hvert land sér um að tilnefna þá samræmismatsaðila sem munu annast samræmismat hverrar tilskipunar innan yfirráðasvæðis þess og viðkomandi stjórnvald tilkynnir þá formlega til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Tilkynntir aðilar eru skráðir í sérstakan og opin gagnagrunn sem ber heitið **NANDO** (New Approach Notified and Designated Organisations).

„Tilkynntu“ aðilarnir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, þ.á.m. um tæknilega hæfni, óhlutdrægni og trúnað. Starfsemi tilkynntu aðilanna felur í sér að þeir framkvæma skoðun og rannsókn vöru, fara yfir hönnun hennar og framleiðslumáta. Þegar tilkynnti aðilinn hefur staðfest samrýmanleika vörunnar getur framleiðandinn gefið út EB-samræmisfirlýsinguna og fest CE-merkið á hina skoðuðu vöru.

**Framleiðandi annast ávallt áfestingu CE-merkisins hvort sem tilkynntur aðili hefur komið að máli eða ekki og gefur út EB-samræmisfirlýsinguna og ber ábyrgð á samrýmanleika vörunnar.**

Yfirvöld í hverju landi annast eftirlit með því að tilkynntu aðilarnir gegni skyldum sínum.



## Samræmdir staðlar – áreiðanleg leið til að tryggja samrýmanleika

Í stað mismunandi laga í hverju landi fyrir sig á EES-svæðinu þá er meginreglan hjá ESB að hafa samræmda löggjöf eins einfalda og unnt er og skilgreina þar grunnkröfur sem gera verður til að vernda almannahagsmuni. Grunnkröfurnar taka til atriða sem varða umhverfi, heilbrigði, öryggi neytenda. Ein samræmd löggjöf auðveldar frjálsa vöruflutninga á milli landa og ryður burt hindrunum á sviði stjórnsýslu.

Í EB tilskipunum eru reglur sem miða að því að koma í veg fyrir hættur þannig að framangreindum markmiðunum sé náð. Evrópskar staðlastofnanir (CEN, CENELEC, ETSI)<sup>2</sup> semja staðla sem gilda á öllu EES-svæðinu með hliðsjón og vísan í tilskipanirnar. Kallast þeir samræmdir staðlar og eru tæknilegri en EB-tilskipanirnar. Þá má þekkja á stöfunum „EN“ á undan staðalnúmerinu og á Íslandi eru þeir þekktir sem „ÍST EN“. **Staðlar fylgja tilskipunum náíð, setja grunnkröfurnar fram á ítarlegan og tæknilegan hátt, og eru áreiðanleg leið fyrir framleiðendur til að framleiða**

**vörur sem eru í samræmi við kröfur.** Evrópsku staðlastofnanirnar fylgjast með nýrri tækni og þróun og uppfæra staðlana reglulega.

Fari framleiðendur eftir samræmdu stöðlunum njóta þeir þess að vörur þeirra „teljast fyrirfram vera í samræmi“ við þær ESB-tilskipanir sem við eiga.

Stöðlun er valfrjálst ferli sem felur í sér að tækniforskriftir eru þróaðar hjá sjálfstæðum staðlastofnunum. Staðlarnir byggja á þátttöku og samkomulagi meðal ýmissa hagsmunaaðila, s.s. lítilla og meðalstórra fyrirtækja, neytenda, stéttarféлага, umhverfissamtaka, stjórnvalda o.fl.

Evrópusambandið hefur allt frá árinu 1980 nýtt sér í vaxandi mæli samræmda staðla til að stuðla að bættu regluverki og til að efla samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar. Samræmdir staðlar eru gagnlegt verkfæri til að koma ESB-tilskipunum í framkvæmd með skilvirkum hætti.

<sup>2</sup> www.cen.eu, www.cenelec.eu, www.etsi.org



# Hvernig eru almannahagsmunir verndaðir?



CE-merkið sýnir að tilskilið mat og athugun á að varan samræmist lagakröfum hafi farið fram áður en umrædd vara var sett á markað. Stjórnvöld geta þó ávallt beitt frekara eftirliti ef nauðsyn krefur.

**Eftirlitsstjórnvöld geta tekið CE-merktar vörur til nánari skoðunar eftir að þær eru settar á markað þegar ástæða þykir til. Þeirra hlutverk er að fylgjast með að ákvæðum um CE-merkingu sé réttilega framfylgt, taka mál til skoðunar að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu og vinna gegn brotum og misnotkun.**



Heildstæð umgjörð fyrir markaðseftirlit með vörum sem falla undir samræmda löggjöf á EES-svæðinu er tryggð í evrópskum lögum. **Mælt er fyrir um viðurlög gegn brotum í landslögum í hverju aðildarríki fyrir sig.**

Tilgangi með markaðseftirliti má skipta í þrennt: (a) tryggja að vörur sem settar eru á markað (þ.á.m. vörur sem eru fluttar inn frá ríkjum utan EES-svæðisins) séu öruggar og þær séu í samræmi við lög sem um þær gilda (b) tryggja að CE-merking fari fram á lögmætan hátt (c) tryggja að samræmi sé í eftirliti og framfylgd löggjafar á EES-svæðinu, en það tryggir jafnari samkeppni og að kemur í veg fyrir svik eða misnotkun.

**Markaðseftirlit fer fram á ábyrgð framkvæmdastjórnar ESB í samvinnu við stjórnvöld í í hverju aðildarríki fyrir sig á EES-svæðinu. Í því felst m.a.: samhæfing á markaðseftirlitsáætlunum landanna; skipulagning á markaðseftirliti** (vöktun kvartana, óhappa, auðlinda, úrræða, o. fl.); fylgjast með ráðstöfunum á sviði markaðseftirlits sem gerðar eru í hverju aðildarríki fyrir sig, (þ.e. tryggja að

viðunandi eftirlit sé af hálfu viðkomandi stjórnvalds og samræmar reglur sem eiga við þegar að farið er inn á athafnasvæði framleiðanda eða eyða skal hættulegum vörum, upplýsingamiðlun til almennings, og hafa samstarf við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, o.fl.); tryggja samhæfingu þvingunaraðgerða, hafa samstarf, skiptast á upplýsingum (hvort sé hættueiginleikar vöru sé alvarlegir eða ekki) og samnýta auðlindir, o.fl.

Til að forðast hvers kyns rugling er óheimilt að festa á vöru merki, tákn og áletranir sem eru líkleg til að villa um fyrir utanaðkomandi aðilum varðandi merkingu eða form CE-merkisins. Festa má á vöruna önnur viðeigandi merki svo framarlega sem það rýrir hvorki sýnileik, læsileika eða merkingu CE-merkisins.

CE-merkið þarf að festa á sýnilegan og læsilegan háttá vöruna sjálfa. Sé það ókleift vegna eðlis vörunnar þarf að seta það á umbúðirnar og sýna það í fylgiskjólum hennar. Hafi tilkynntur aðili komið að framleiðslustýringaráfanganum þarf einnig að sýna auðkennisnúmer hans.

## Hverjir eiga að koma að máli

### og hvaða skjöl þarf að útbúa?



Í upphafi samræmismatsferlisins er skilgreint hvaða starfsmenn innan fyrirtækisins komi að máli. Starfsmenn með sérþekkingu á eftirtöldum sviðum ættu að fylgjast með því hvernig CE-merkingin fer fram og hlutverk þeirra innan ferlisins sé vel skilgreint.

• **Lögfræðileg málefni:** Viðkomandi sérfræðingur á að hafa góðan skilning á þeim EB-tilskipunum og samræmdu stöðlum sem eiga við um vöruna auk þeirrar lagalegu ábyrgðar sem fyrirtækið tekur á sig með því að festa CE-merkið við vöruna.

• **Hönnun og framleiðsla:** Fulltrúar þeirra teyma sem sjá um þessi stig framleiðslunnar veita nauðsynlegar upplýsingar fyrir matsferlið og leggja fram öll tæknileg skjöl og önnur gögn.

• **Eftirlit:** Að minnsta kosti einn einstaklingur ætti að hafa umsjón með CE-merkingarferlinu í heild. Sá einstaklingur þarf að vera vel að sér í þeim hliðum laga, hönnunar og framleiðslu sem skipta máli við samræmisferlið og á að gæta þess að tæknigögnin og EB-samræmisfyrirlysingin séu samin á réttan hátt. Hann ætti að vera tiltækur sem tengiliður óski stjórnvöld eftir gögnunum eða frekari upplýsingum.

Framleiðanda ber skylda til að ganga frá skriflegum tæknigögnum sem sýna fram á að vara samræmist þeim kröfum sem um hana gilda. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans ber ábyrgð á að varðveita tæknigögnin í a.m.k. tíu ár frá síðasta framleiðsludegi vörunnar, tilgreini tilskipunin ekki annan tímaramma.

Sérhver tilskipun tilgreinir innihald tæknigagna fyrir hverja vörutegund um sig. Eigi fleiri en ein tilskipun við um vöruna verður að hafa með allar upplýsingar sem krafist er. Almennt ættu gögnin að ná yfir hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar. Þær upplýsingar sem teknar eru með í gögnunum fara eftir eðli vörunnar og þeim tæknihliðum sem þarf til að sýna fram á samrýmanleika vörunnar við grunnkröfur tilskipananna eða forskriftir samræmdu staðlanna.

Huga verður að því á hvaða tungumáli eigi að skrifa tæknigögnin því ýmsar tilskipanir gera kröfu um að þau séu rituð á opinberu tungumáli þess aðildarríkis sem samræmisferlið fer fram í. Geri tilskipunin kröfu um aðkomu tilkynnts aðila þurfa gögnin að vera á tungumáli sem sá aðili skilur, jafnvel þótt slíkt sé ekki tekið fram í tilskipununum með berum orðum.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans þarf einnig að semja EB-samræmisfyrirlysingu þegar varan er tilbúin til að fara á markað. Í fyrirlysingunni þurfa að vera allar upplýsingar sem máli skipta til að átta sig á hvaða tilskipanir eiga við um vöruna, hvernig má ná sambandi við framleiðanda eða viðurkenndan fulltrúa, og eftir atvikum tilkynnta aðilann og tilvísanir í samræmdu staðlana eða önnur normskjöl.



Til að fá nánari upplýsingar um reglurnar og CE-merkingu má finna:  
[http://ec.europa.eu/enterprise/policies/single-market-goods/  
regulatory-policies-common-rules-for-products/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/enterprise/policies/single-market-goods/regulatory-policies-common-rules-for-products/index_en.htm)

NANDO-gagnagrunn tilkynntra samræmismatsaðila:  
<http://ec.europa.eu/enterprise/newapproach/nando>

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins  
Aðalskrifstofa á sviði fyrirtækja og iðnaðar  
B-1049 Brussel, Belgíu  
Bréfsími: +32 2 299 08 31  
Tölvupóstur: [entr-reg-approach-for-free-circ@ec.europa.eu](mailto:entr-reg-approach-for-free-circ@ec.europa.eu)

Enterprise Europe Network  
<http://www.enterprise-europe-network.ec.europa.eu/>

**[ec.europa.eu/CEmarking](http://ec.europa.eu/CEmarking)**

© European Union, 2011



NB-80-10-346-IS-C  
doi:10.2769/61443